

## Færsluveiðar með Z39.50 tengingu

Nú hefur verið veittur aðgangur að færsluveiðum án endurgjalds með Z39.50 tengingu. Aðgangurinn er bundinn við safnkost Bibsys í Noregi, Danbib í Danmörku, Library of Congress í Bandaríkjunum, Libris í Svíþjóð og Lindu í Finnlandi, en hugsanlega eiga fleiri söfn eftir að bætast við.

Vakin er athygli á að aldrei má flytja bókfræðifærslur í Gegni án þess að yfirfara þær vandlega og aðlaga þær að þeim reglum um skráningu og efnisorðagjöf sem gilda á Íslandi. Skrásetjarar verða því eftir sem áður að yfirfara sóttar færslur gaumgæfilega, fletta öllum höfundum upp í höfðalista eða nafnmyndaskrá og leiðréttu villur sem kunna að leynast í færslunum.


Bent er á skjalið [Breytingar sem þarf að gera á sóttum færslum úr OCLC](#) sem samþykkt var í Skráningarráði árið 2006, en þær reglur gilda jafnframt um allar færslur sem sóttar eru í erlenda gagnagrunna.

### Aðferð við flutning á færslum:

1) Veljið leitarflipa í skráningarþætti. Athugið að ekki er hægt að nota flettileit.


2) Veljið úr fellilista fyrir gagnagrunna þann grunn sem leita á í. Í boði eru fimm grunnar: Bibsys, Danbib, Library of Congress, Libris og Linda.

Ef línur fyrir þessa gagnagrunna birtast ekki í felliglugganum, hafið þá samband við Landskerfi bókasafna með því að senda tölvupóst á [hjalp@landskerfi.is](mailto:hjalp@landskerfi.is).



3) Veljið leitarsvið á sama hátt og þegar leitað er í Gegni.

Einfaldast er að leita eftir ISBN númeri, en hafa þarf í huga að ef ISBN númer finnst ekki gæti þurft að slá það inn með bandstrikum (0-596-00357-9).



1. Ítarleit 2. Skipanalet (CCL) 3. Samsett leit

Gagnagrunnur: Library of Congress

Prengja/víkka

Svið: Anywhere in the record

Orð hlís við hlís

OG EDA EKKI

Prengja/víkka leit:

Tengja

OG EDA


Fyrri leit en EKKI síðari

Síðari leit en EKKI fyrri

STAFBESTA Hreinsa Tengja

Mögulegt er að leita í allt að þremur sviðum samtímis, en athugið að ekki er hægt að tengja saman leitir eftir á né heldur að raða leitarniðurstöðum.

4) Þegar rétt færsla hefur verið valin er henni ýtt yfir í skráningarþátt.



1. Stuttur listi 2. Mínar færslur 3. Stuttar færslur

<< >> (ISBN= "0596003579")

[Not sorted] <<<Library of Congress>>>

Doc no.	Author	Title	Year
1/1	Spainhour, Stephen.	Webmaster in a nutshell /	2003

Stökkva:

1. MARC Tagg 2. MARC Public View 3. Catalogue Card 4. Citation 5. Full+Link

LDR	cam	2200277 a 4500
001		13158136
005		20070508123440.0
008		030410s2003 caua f 001 0 eng
010		a 2003267158
020		a 0596003579
040		a DLC  c DLC  d DLC
05000		a TK5105.888  b .S68 2003
08200		a 005.2/76  2 22
1001		a Spainhour, Stephen.
24510		a Webmaster in a nutshell /  c Stephen Spainhour and Robert Eckstein.
250		a 2nd ed

1/1

Staðsetja

Birta líkt

Höfuð

Út (EXT)

Tengja


Eintök

**Skráning**

Eintaksform

Við það opnast færslan í skráningarpætti og fær EXT færslunúmer. Ekki er hægt að vinna með bókfræðifærslur sem hafa EXT númer og því er nauðsynlegt að afrita færsluna.


5) Veljið úr felliglugga *Skráning* > *Afrita færslu*.



Ný færsla með NEW færslunúmeri opnast þá á skjánum.

6) Lokið EXT færslunni með því að velja hana og farið svo í *Skráning* > *Loka færslu*.

7) Færslur úr Z39.50 grunnnum fá í einhverjum tilvikum rangt bókfræðiformat og þarf þá að velja rétt format fyrir viðkomandi færslu. Það er gert í *Vinnsla* > *Breyta formati færslu*.



8) Lagfæringaferlar (Fix routines) fyrir hvern gagnagrunn verða virkir þegar leitað er í viðkomandi grunni. Því er ekki lengur nauðsynlegt að velja aðgerðina *Vinnsla > Laga færslu*.

9) Að þessu loknu er ritið skráð á hefðbundinn hátt, viðeigandi sviðum flett upp í höfðalista eða nafnmyndaskrá, ritinu gefin íslensk efnisorð og eintak tengt. Athugið að bæta þarf safnkóða safns sem skráir í svið 040.

Upplýsingar um meðhöndlun á bókfræðifærslum er að finna í skjalinu [Breytingar sem þarf að gera á sóttum færslum úr OCLC](#) sem samþykkt var í Skráningarráði árið 2006.